

viðurkenn-a *so. vb.-i – heyra*
[-di]

– hún viðurkenndi að hafa tekið
þátt í ráninu

‡ • kenna

hróp-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– hún hrópar á hjálp

‡ » kalla

lík-ja *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– ekki líkja mér við systur mína!

‡ • líka (ao), líkt, líklegur, líklega, líkur (no), líkur
(lo), ólíkur, hvílikur, þvílíkur » bera saman

hanga *so. sb.-7 – falla*
[hékk, hégum, hangið]

– jakkinn hangir á snaganum
– ég nenni ekki að hanga hérna

‡ • hengja

pok-i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– get ég fengið poka?

‡

laun *hk. ft. – hús*

– ég er með góð laun

‡ » kaup

ís *kk. – hestur 0*
[-s, -ar]

– þau fengu sér ís í hitanum

‡

fé *hk. et.*
[fjár]

– hún kom heim með fullar hendur
fjár
– bændurnir ráku féð í réttirnar

‡

á *kvk.*
[-r, -r]

– það er mikið vatn í ánni

‡

rannsókn *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– hann stundar rannsóknir við
háskólann

‡ • rannsaka, sök; sókn, heimsókn, sækja

próf *hk. – hús*
[-s, -]

– verður þetta erfitt próf?

‡

ríki *hk. – hús J*
[-s, -]

– hann vinnur hjá ríkinu

‡ • ríkja, ríkisstjórn; ríkur

stadd-ur *lo. – gulur Ö*
[stödd, statt]

– ég var stödd uppi á fjalli þegar
það fór að rigna

‡ • standa; viðstaddur; staður

snögg-ur *lo. – gulur*
[-, -t; sneggri, sneggstur]

– hún var snögg að koma sér í
burtu

‡ snöggr

stöðug-ur *lo. – gulur*
[-, -t (ao.); -ri, -astur]

– það var stöðugur straumur af
fólki á ballið

‡ stöðugr • standa, staddur; staður, staða; stöð,
stöðva

svæði *hk. – hús*
[-s, -]

– þetta er gott skíðasvæði

‡